



Jólavertíðin fór vel af stað – mikið verslað frá útlöndum

Íslendingar voru neysluglaðir í nóvember. Kortavelta í útlöndum var á borð við ferðamikinn júlímánuð fyrir Covid-faraldur. Vísbendingar eru um kraftmikinn vöxt einkaneyslu á fjórða ársfjórðungi, drifinn áfram af ferðalögum til útlanda og auknum kaupum á þjónustu innanlands. Áhrif ómíkrón-afbrigðisins gætu þó sett strik í reikninginn.

Seðlabanki Íslands birti fyrr í dag gögn um veltu innlendra greiðslukorta í nóvember.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 20% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 80 mö.kr. og jókst um 10% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 18,4 mö.kr. og jókst um 95% milli ára miðað við fast gengi. Sé miðað við nóvembermánuð 2019, áður en faraldurinn skall á, mælist aukning í kortaveltu upp á 14% að raunvirði. Innanlands mælist aukningin 16% og erlendis 5%.


Neysla Íslendinga í útlöndum ekki meiri síðan júlí 2019

Við erum því farin að eyða meiru hjá erlendum söluaðilum en sást fyrir faraldur þrátt fyrir umtalsvert færri utanlandsferðir.

Nóvembermánuður var veltumesti mánuður í kortanotkun Íslendinga erlendis síðan í júlí 2019. Brottfarir Íslendinga um Leifsstöð voru tæplega 34 þúsund, sem er áþekkt þeim fjölda sem sást í nóvember 2015. Kortaveltan er hins vegar nærri því tvöföld miðað við fast gengi. Þetta bendir til þess að þeir sem fara nú til útlanda gera talsvert betur við sig en áður, en einnig eru áhrif netverslunar hjá erlendum söluaðilum orðin mjög sterk. Stórir afsláttardagar í nóvember á borð við *Black Friday* og *Cyber Monday* hafa talsverð áhrif á netverslun Íslendinga í nóvember bæði innanlands og erlendis.


¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta Íslendinga erlendis og utanlandsferðir í nóvember



Velta erlendis á gengi nóvembermánaðar 2021, núvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Líkur á talsverðum vexti einkaneyslu, þó er óvissa vegna ómíkrón

Þróun kortaveltu getur verið ágætis vísbending um þróun einkaneyslunnar. Við sjáum að kortavelta jókst um 11,5% milli ára á þriðja ársfjórðungi og einkaneysla um 6,1%. Í október og nóvember mælist aukning í kortaveltu samanlagt 22% milli ára að raunvirði. Verði aukningin svipuð milli ára í desember eru líkur á talsverðum vexti einkaneyslu á fjórða ársfjórðungi. Ómíkrón-afbrigði veirunnar, sem kom til landsins um mánaðamótin síðustu, gæti þó haft áhrif á kortaveltu desembermánaðar, sérstaklega hvað viðkemur þjónustugeiranum, en vöxturinn í kortaveltu innanlands er nú aðallega drifinn áfram af auknum þjónustukaupum.

Aukinn kaupmáttur ýtir undir neyslu


Þær aðstæður sköpuðust í faraldrinum að einkaneysla dróst saman á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst. Slíkt bendir til þess að samdráttur neyslunnar hafi fyrst og fremst verið vegna takmarkana á neyslu fremur en afleiðing af skertum kaupmætti. Við slíkar aðstæður eykst sparnaður sem endurspeglast í auknum innlánnum heimila hjá innlánstofnunum.

Nú er staðan slík að einkaneysla er farin að aukast nokkuð hratt á sama tíma og vöxtur í kaupmætti ráðstöfunartekna er heldur hóflegri. Það virðist þó ekki hafa teljandi áhrif á heimilisbókhaldið þar sem innlán halda áfram að aukast, þó með minni hraða en áður. Innlán heimilanna eru nú að jafnaði um 660 ma.kr. horft til meðaltals síðustu 12 mánaða, en voru samtals um 610 ma.kr. á sama mælikvarða fyrir ári síðan miðað við fast verðlag.

Skattaívilnanir og stuðningsaðgerðir skilað árangri


Við sjáum ekki merki þess að heimilin séu að fara fram úr sér í neyslu þó nú sjáist talsverður vöxtur í kortaveltu. Skattaívilnanir og stuðningsaðgerðir stjórnvalda hafa orðið til þess að kaupmáttur hefur haldist sterkur og skilar meiri sparnaður á mánuðum áður sér í aukinni neyslu nú. Hagstofan greindi frá því, þegar gögn um einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi voru birt, að talsverð aukning hefði mælst í bílakaupum heimila á tímabilinu. Nýskráð ökutæki hér á landi eru það sem af er ári orðin tæplega 15 þúsund talsins og komin fram úr því sem sást árið 2019. Gera má ráð fyrir að ívilnanir stjórnvalda í formi lægri virðisaukaskatts á

Einkaneysla, kortavelta og kaupmáttur




*Október og nóvember. Greiðslukortavelta í verslun héraðsraunvirkni með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirkni með vísitölu meðalgengis. Vergar ráðstöfunartekjur heimila raunvirkni með VNV. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

Innlán heimila



12 mánaða hlaupandi meðaltal stöðunnar við lok hvers mánaðar. Velti- og óbundin innlán innlánastofnana raunvirkni með VNV. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Nýskráning fólksbíreiða



*Gögn ná til 15. des. 2021. Nýir og notaðir bílar. Heimild: Samgöngustofa



rafknúnum bílum hafi hvatt til kaupa almennings á slíkum ökutækjum.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.